



*Berist til:
Nefndasvið Alþingis
Veiferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík*

Kópavogur, 25. febrúar 2022

Umsögn um frumvarp til laga um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. 34, 152. löggjafarþing 2021-2022.

Áherslur:

Að samningurinn verði lögfestur án frekari tafa.

Greinargerð:

NPA miðstöðin er samvinnufélag fatlaðs fólks sem er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Félagið hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. NPA miðstöðin styður eindregið lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Íslensk stjórnvöld hafa þegar skuldbundið sig til þess að lögfesta samninginn. Mikil samstaða hefur verið um lögfestingu samningsins og var þingsályktunartillaga um lögfestinguna síðast samþykkt þann 6. maí 2019. Þar kemur fram að samningurinn skyldi lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020. Það eru mikil vonbrigði að vilji Alþingis hafi ekki náð fram að ganga, en í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er þó tekið fram að samningurinn skuli lögfestur, á kjörtímabilinu að ætla megi. Lögfesting samningsins hefur því nú þegar dregist fram úr hófi og mikilvægt að gengið verði frá lögfestingunni án frekari tafa.

Ekkert er því til fyrirstöðu að samningurinn verði lögfestur, enda hefur undirbúningur fyrir lögfestinguna staðið yfir í um það bil 15 ár, eða frá þeim tíma sem íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn. Endanleg þýðing samningsins liggur fyrir, sbr. þingsályktun á síðasta löggjafarþingi, auk þess sem innleiðing samningsins í löggjöf, reglugerðir, áætlanagerð og stjórnáskilframingar um málefni fatlaðs fólks er þegar hafin. Í því sambandi má nefna að í markmiðskafla laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kemur fram að við framkvæmd laganna skuli framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, *einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

NPA miðstöðin hvetur eindregið til þess að samningurinn verði lögfestur, enda treystir hann í sessi mikilvæg mannréttindi fatlaðs fólks, vinnur gegn ríkjandi viðhorfum í garð fatlaðs fólks og leggur undirstöður fyrir íslensk stjórnvöld til að byggja stefnu sína í málaflokknum. Í anda samningsins og í samræmi við VIII. kafla laga nr. 38/2018 minnir NPA miðstöðin á mikilvægi þess að hafa fatlað fólk með í ráðum þegar rætt er um hagsmuni þeirra eða ákvarðanir eru teknar sem gætu haft þýðingu fyrir þennan hóp.

Virðingarfyllt,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri

Rúnar B.H. Þorkelsson

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Formaður